

Ed.

50. Frumvarp til laga

[50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur, sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna launþega í bú vinnuveitanda sem við-urkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. þó 9. gr.:

- a. kröfu um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi,
- b. kröfu um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið,
- c. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
- d. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
- e. kostnaðar sem launþegi eða sá, er krefst bóta samkvæmt d-lið, hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar enda sýni hann fram á að innheimtutilraunir hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
- f. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt staflidum a til d, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt staflidum e og f þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafði ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b- og c-liðum 4. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.
- b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
- c. Forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu, mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
- d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í staflíðum a til c, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg.

III. KAFLI

6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búíð.

7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

- a. nafn, nafnúmer og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
- b. nafn, nafnúmer og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
- c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru,
- d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubrési til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

8. gr.

Er félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafa samkvæmt lögum þessum skal hann leita umsagnar skiptaráðanda í bú vinnuveitandans um eftirtalin atriði:

- a. hvort eða að hve miklu leyti viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búíð,
- b. hvenær búíð hafi verið tekið til skipta og hver birtingardagur innköllunar hafi verið er ræður lokum kröfulýsingarfrests,
- c. hvort kunnugt sé að þau atvik, er í 5. gr. getur, varði kröfuna.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í bú vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá

um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði a-liðs 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með búi vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

10. gr.

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst.

11. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í búi vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflaga þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði ef ljós hefðu verið ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IV. KAFLI

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 31 28. mars 1974 voru sett ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu krafna launþega um vangoldin laun á hendur vinnuveitanda sem orðið hefur gjaldþrota. Lögum þessum var að nokkru breytt með lögum nr. 8 15. mars 1979.

Á þeim tíma, sem lög þessi hafa verið í gildi, hafa komið fram ýmis álitæfni sem valdið hafa erfiðleikum í framkvæmd. Eru þau einkum eftirfarandi:

1. Ekki eru fyrir hendi skýr fyrirmæli um það hverjir kröfuhafar í þrotabúi eigi rétt til greiðslu úr ríkissjóði samkvæmt lögnum.
2. Vafi hefur þótt leika á því hvort launatengdar greiðslur njóti ríkisábyrgðar, t. d. iðgjöld til lífeyrissjóða.
3. Í lögnum eru ekki nákvæm fyrirmæli um meðferð greiðslukröfu hjá stjórnvöldum.
4. Ákvæði laganna um úrlausn dómstóla um greiðsluskyldu ríkissjóðs hafa reynst óheppileg.

Skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög um málefni þann 10. desember 1981 en í henni áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen deildarstjóri og Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Í meðfylgjandi frumvarpi eru ráðgerðar breytingar til úrbóta á þessum atriðum og sem stuðla eiga að hraðari afgreiðslu á greiðslukröfum á hendur ríkissjóði. Í ákvæðum frumvarpsins eru hins vegar svo til engar breytingar á rétti launþega til ríkisábyrgðar. Verður vikið nánar að þessum atriðum eftir þörfum í eftirfarandi athugasemdum.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fyrir Alþingi á ný.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins nær ríkisábyrgð til vinnulaunakrafna á hendur gjaldþrota vinnuveitanda eða á hendur dánarbúi látins vinnuveitanda ef erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldum hans. Felst í þessu rýmkun frá gildandi lögum sem eingöngu mæla fyrir um ríkisábyrgð ef bú vinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1974. Er vegna þessarar rýmkunar lagt til að heiti laganna verði breytt í það horf sem frumvarpið ráðgerir. Sú breyting, að ábyrgð ríkissjóðs taki til launakröfu á hendur skuldafrágöngubúi vinnuveitanda, á sér fyrirmynd í danskri löggjöf. Í 4. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er að vísu heimild til þess að taka dánarbú til gjaldþrotaskipta að kröfu lánardrottins ef farið er með dánarbúið sem skuldafrágöngubú og verður að telja að launþegi, sem á kröfu á hendur látnum vinnuveitanda, geti neytt þess úrræðis til þess að ríkisábyrgð fái á kröfu hans. Hins vegar verður að líta til þess að ýmsar orsakir geta verið fyrir því að farið sé með dánarbú sem skuldafrágöngubú, aðrar en að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum. Þótt dánarbú kunni að hrökkva fyrir skuldum þá getur talsverður tími liðið frá andláti þar til greiðsla fæst á kröfum. Þykir þannig eðlilegra að ríkisábyrgðin verði rýmkuð í það horf, sem frumvarpið ráðgerir, til þess að koma í veg fyrir að launþegi verði knúinn til að neyta heimilda 4. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 eingöngu til að öðlast ríkisábyrgð.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, tekur ríkisábyrgðin „til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.“ Nokkur vafi hefur leikið á því hvort hugtakið „vinnulaun“ í þessu ákvæði nái til launatengdra greiðslna. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins. Samkvæmt 2. málslíð ákvæðisins teljast í fyrsta lagi greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir af launum við útborgun, ekki til vinnulauna í skilningi ákvæðisins. Slíkar greiðslur eru t. d. lífeyrissjóðsiðgjaldahluti launþega eða opinber gjöld launþega. Tilhögun frumvarpsins á þessum atriðum er í samræmi við túlkun á núgildandi lagaákvæðum. Í annan stað teljast þær greiðslur ekki til vinnulauna sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að standa skil á til þriðja manns samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Sem dæmi um slíkt má nefna lífeyrissjóðsiðgjaldahluta vinnuveitanda og iðgjöld til sjúkra- og orlofsheimilasjóða. Sérákvæði gildir þó um orlofsfjákröfur samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið „launþegi“ en skilgreining þess tekur af skarið um það hverjir átt geti aðild að kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu. Eru tvenn skilyrði

fyrir því að kröfuhafi geti talist launþegi í skilningi frumvarpsins, annars vegar að hann hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt samningi sínum við vinnuveitanda og hins vegar að hann hafi gegnt starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í gildandi lögum er hugtak þetta ekki skilgreint og hefur því komið til örðugleika að draga mörk um ríkisábyrgðina. Mest áberandi hefur þetta verið við úrlausn þess hvort verktakar eða aðrir, sem að meira eða minna leyti hafa unnið sem sjálfstæðir aðilar í þágu hins gjaldþrota, skuli njóta greiðsluréttar úr ríkissjóði.

Með því að setja að skilyrði, að launþeginn hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun fyrir störf sín, þykja dregin nokkur skil hér á milli. Þess skal þó getið að það er ekki tilgangur þessa ákvæðis að útiloka þá, er fá launagreiðslur í samræmi við afköst, frá ríkisábyrgð enda er fyrir hendi í slíku vinnusambandi ákvörðun um kauptryggingu til handa starfsmanni í formi tíma-, viku- eða mánaðarlauna. Þetta skilgreiningaratriði á hugtakinu launþegi er þó eitt út af fyrir sig ekki nægilegt til þess að draga nægilega skýr mörk milli þeirra sem ætlufrumvarpsins er að njóti ríkisábyrgðar og þeirra sem falla þar utan. Því er það sett að frekara skilyrði að starfsmaður hafi gegnt starfi í þágu vinnuveitandans sem til þess er fallið að veita rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í orðalagi þessu felst ekki það skilyrði að viðkomandi starfsmaður hafi unnið hjá viðkomandi vinnuveitanda þann tíma að hann hafi þegar öðlast rétt til launa í uppsagnarfresti. Skilgreining þessi á hugtakinu launþegi er í samræmi við þau sjónarmið sem beitt hefur verið við túlkun núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru skilgreindar þær kröfur launþega á hendur vinnuveitanda sem falla innan ríkisábyrgðar. Meginreglan í þeim efnun kemur fram í 1. mgr. að kröfur launþegans hafi verið viðurkenndar forgangskröfur í bú vinnuveitandans samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Frá þessari meginreglu er þó brugðið að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. vísað um undantekningu til 9. gr. frumvarpsins og er ástæða þess sú að þegar skiptameðferð á búi vinnuveitanda er lokið án þess að innköllun sé gefin út í búið kemur ekki til þess að leyst sé úr því hvort krafa sé viðurkennd eða ekki og eru því sérstakar reglur um þau tilvik í 9. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er vikið frá umræddri meginreglu í niðurlagi 4. gr. þar sem tekið er fram að launþegi fái greiddan kostnað samkvæmt staflíð e og vexti samkvæmt staflíð f í 4. gr. þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitandans. Þessi regla, sem er í samræmi við núgildandi lög, á rætur að rekja til þess að samkvæmt 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1974, teljast kostnaður og vextir, sem fallið hafa á forgangskröfu eftir upphafsdag skiptameðferðar, ekki hluti forgangskröfunnar heldur falla þær kröfur aftarlega í skuldaröð. Í þriðja lagi er vikið frá umræddri meginreglu að því leyti að ráðgert er í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins að greiða megi kröfu úr ríkissjóði þótt hún hafi ekki á því stigi enn verið viðurkennd forgangskrafa og verður nánar um þetta fjallað í athugasemdum við umrætt ákvæði. Til þess að taka af öll tvímæli skal það áréttað, að ríkisábyrgðin nær samkvæmt frumvarpinu aðeins til þeirra forgangskrafna sem taldar eru í 4. gr. frumvarpsins, en ekki til allra forgangskrafna í bú vinnuveitandans og er það í samræmi við núgildandi lög.

Samkvæmt a-lið 4. gr. getur launþegi í mesta lagi krafist greiðslu úr ríkissjóði á ógreiddum launum vegna sex síðustu starfsmánaða sinna hjá vinnuveitanda og verður sex mánaða tímabil þetta að falla innan þeirra tímamarka sem forgangsréttur helst á vinnulauna-kröfu en samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, með áorðnum breytingum, nær forgangsréttur til

launa sem falla í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir upphaf skipta. Heimild þessi um hámarksgreiðslu er talsvert rýmri en mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Vinnulaun samkvæmt a-liðnum eru skilgreind áður í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárfra sem tilkomnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa að falla innan þeirra tímamarka að forgangsréttur fylgi kröfunni samkvæmt lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram að með frumvarpinu er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur samkvæmt því. Hafi launþegi fengið greidda orlofsfjárfra á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar, með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979 á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði. Ákvæði þetta nær því aðeins til þeirra tilvika er önnur tilhögun orlofsgreiðslna hefur verið ákveðin með kjarasamningi eða á viðlíka hátt og launþegi fer sjálfur með fyrirvar fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt c-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð einnig til bótakrafna vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings og er hér engin breyting ráðgerð frá 2. gr. núgildandi laga.

Í d-lið 4. gr. er rýmkuð nokkuð ríkisábyrgð að því leyti að þeir, sem tilkall eiga til bóta vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss, geta fengið greiðslu úr ríkissjóði en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga er réttur þessi einskorðaður við maka og börn launþega. Að öðru leyti er ekki um breytingu að ræða frá núgildandi lögum.

Ákvæði e-liðs 4. gr. samsvarar að mestu 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, þó að því undanteknu að sett er að skilyrði fyrir ríkisábyrgð á innheimtukostnaði að innheimtutilraunir hafi verið byrjaðar á kröfunni áður en starfsemi vinnuveitandans hætti að mestu eða öllu. Umrædd tímamörk ættu tíðast að verða staðreynd greinilega við skiptameðferð á búi vinnuveitandans. Ríkisábyrgð er nokkuð rýmkuð í þessum staflíð með því að krefjendur dánarbóta eiga rétt til greiðslu innheimtukostnaðar að sama marki og launþegar en bein fyrirmæli eru ekki um þetta í gildandi lögum.

Ákvæði um vaxtagreiðslu af kröfu eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum en fyrirmæli eru um þau efni í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot. Í f-lið 4. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um vaxtagreiðslur af kröfum sem nokkru eru rýmri en áður nefnt reglugerðarákvæði með því að ekki er sett hámark á lengd þess tímabils sem vextir verða greiddir fyrir.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins eru tilgreindir aðilar sem nákomnir eru vinnuveitanda hvort sem um einstakling eða félag er að ræða og rétt þykir að útiloka frá ríkisábyrgð. Það leiðir þó af ákvæðum 1. mgr. 5. gr. að þessir aðilar geti krafist bóta samkvæmt d-lið 4. gr., ásamt kostnaði og vöxtum af slíkum kröfum samkvæmt e- og f-liðum 4. gr. Í a-lið 5. gr. eru fyrirmæli um útilokun stjórnarmanna gjaldþrota félags frá ríkisábyrgð sem samhljóða eru lokaákvæði 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Í reglugerð hefur með stoð í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974 verið sett sú regla að launþegar, sem meira eiga en 2% hlutafjár í gjaldþrota félagi, njóti ekki ríkisábyrgðar. Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er ráðgert að hækka mörk þessi upp í 5%. Er þá litið til þess að nokkuð hafi fæst í vöxt að starfsmenn fyrirtækja eigi hlut í þeim. Útilokun hluthafa frá ríkisábyrgð byggist á þeirri röksemd að þeir hafi átt kost á að hafa áhrif á rekstur félags og að ósamrýmanlegt sé meginröksemdum fyrir ríkisábyrgðinni að aðilar þannig settir njóti hennar. Sá hundradshluti eignaraðildar, sem lagður er hér til, þykir ekki það verulegur að viðkomandi launþegi geti haft teljandi áhrif á rekstur félags. Í c-lið

greinarinnar felst nokkur rýmkun frá 2. ml. 2. mgr. 2. gr. nógildandi laga og er markmið hennar að stjórnendur fyrirtækis útilokist frá ríkisábyrgð án tillits til starfsheitis þeirra. Í d-
lið greinarinnar eru sett fyrirmæli til að útiloka nákomna venslamenn stjórnenda félags eða einstaklinga með atvinnurekstur frá ríkisábyrgð til að fyrirbyggja mögulega misnotkun ríkisábyrgðar.

Um 6. gr.

Reglur 6.—8. gr. frumvarpsins taka mið af skiptameðferð á búi þar sem innköllun hefur verið gefin út til skuldheimtumanna eins og tíðast er þegar um aðila með atvinnurekstur er að ræða. Tímatakörk til kröfugerðar í 6. gr. eru nokkru styttri en í 5. gr. gildandi laga sem þótt hafa óþarflega löng. Upphaf þess frests ræðst samkvæmt 6. gr. af þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði sem ræður lokum kröfulýsingarfrests í viðkomandi búi. Er þetta atriði breytilegt eftir því hvort um þrotabú eða dánarbú er að ræða.

Um 7. gr.

Fyrirmæli þessa ákvæðis samsvara að mestu framkvæmd nógildandi laga. eru þó nýmæli í 3. mgr. sem miða að því að flýta afgreiðslu krafna um greiðslu úr ríkissjóði.

Um 8. gr.

Í fyrri málsgrein 8. gr. frumvarpsins eru talin þau atriði sem leita verður upplýsinga um hjá skiptaráðanda í búi vinnuveitandans. Er hér ekki ráðgert að skiptaráðandi taki nokkra afstöðu til þess hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Í framkvæmd hefur verið algengt að launþegar hafi tiltæk öll nauðsynleg gögn varðandi kröfur sínar þegar við upphaf skiptameðferðar á búi vinnuveitanda. Undir þeim kringumstæðum kemur upp sú staða að ekki er unnt að greiða kröfuna úr ríkissjóði fyrr en að loknum skiptafundi í búi vinnuveitandans þar sem fjallað er um viðurkenningu lýstra krafna og haldinn er að loknum kröfulýsingarfresti. Kostar slíkt bið um nokkurra mánaða skeið. Til þess að fyrirbyggja þetta er lagt til í 2. mgr. 8. gr. að kröfu megi greiða úr ríkissjóði þegar við upphaf skiptameðferðar þótt skiptafundur til umfjöllunar um lýstar kröfur í búið hafi ekki verið haldinn. Er ráðgert að farið verði þá leið að skiptaráðandi greini ráðuneyti frá því hverja afstöðu hann hyggst taka til viðurkenningar umræddrar kröfu í skrá þeirri um lýstar kröfur sem honum ber að gera samkvæmt 108. gr. laga nr. 6/1978 eða 37. gr. laga nr. 3/1878. Getur greiðsla kröfunnar síðan fram farið ef skiptaráðandi lýsir því yfir að hann muni fyrirsjáanlega lýsa sig samþykkan viðurkenningu kröfunnar, að öðrum skilyrðum fullnægðum. Rétt er þó að beita þessari heimild varfærnislega þannig að ekki verði gripið til þessa úrræðis fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir við búsmeðferð um þau atriði er máli kunna að skipta. Er sleginn sá varnagli við í niðurlagi ákvæðisins að greiðsla verði ekki endurkrafín sem fengin hefur verið á grundvelli yfirlýsingar skiptaráðanda af þessu tagi ef síðar kemur til þess að kröfuhafar í búi vinnuveitandans andmæli kröfunni. Í framkvæmd hefur þessari meðferð verið beitt með góðum árangri þótt til þess skorti beina stoð í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um meðferð greiðslukrafna á ríkissjóð í þeim tilvikum þegar skiptameðferð á búi vinnuveitandans hefur verið lokið án útgáfu innköllunar í búið vegna eignaleysis búans, sbr. 120. gr. laga nr. 6/1978 og 10. gr. laga nr. 3/1878. Þessi tilvik falla utan almennra reglna 6.—8. gr. frumvarpsins um meðferð greiðslukrafna þar sem

launakröfur koma ekki til meðferðar við skiptameðferðina og engin afstaða því tekin þar til réttmætis þeirra.

Í 1. mgr. er ráðgert að frestur til kröfugerðar á hendur ríkissjóði verði sá sami og endranær en upphaf hans miðist við birtingu auglýsingar um skiptalok í búi vinnuveitandans.

Samkvæmt 2. mgr. á kröfuhafinn að láta kröfu sinni fylgja þau sömu gögn og almennt fylgja kröfulýsingu í búi vinnuveitanda við skiptameðferð. Ber jafnframt að geta sömu atriða í greiðslukröfu og jafnan við kröfugerð til ráðuneytis.

Þau atriði, sem skiptaráðandi gæti almennt veitt upplýsingar um samkvæmt 3. mgr., snerta 5. gr. frumvarpsins, svo og atriði varðandi tímatakörk. Í einstökum tilvikum kynnu einnig að koma fram upplýsingar við skiptin sem máli kynnu að skipta. Að öðru leyti er hér ráðgert að stjórnvöld verði að leysa úr öllum vafa varðandi kröfu sem að öðrum kosti fengist leyst úr við skiptameðferð, t. d. um forgangsrétt kröfu.

Um 10. gr.

10. gr. frumvarpsins er að mestu í samræmi við 9. gr. nógildandi laga.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein er settur frestur til ákvörðunartöku um hvort greiða eigi kröfu úr ríkissjóði og er þar um sama frest að ræða og mælt er fyrir um í 7. gr. nógildandi laga. Þykir rétt að sérstök fyrirmæli séu sett um þau tilvik þegar ágreiningur hefur komið upp við skiptameðferð á búi vinnuveitandans um kröfu launþega í búið, eins og gert er í síðari málslíð málsgreinarinnar.

Reglur síðari málsgreinar byggjast á því sjónarmiði að ákvörðunartaka um, hvort krafa skuli greidd úr ríkissjóði, sé alfarið í höndum ráðherra. Er þar afnumin sú meðferð sem nógildandi lög mæla fyrir um í 2. mgr. 7. gr. að félagsmálaráðuneytið geti krafist úrskurðar skiptaréttar um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu enda gengur slík málsmeðferð mjög í berhögð við meginreglur um skipan dómsvalds. Er í frumvarpinu ráðgert að ef skilyrðum ríkisábyrgðar er ekki fullnægt að mati ráðherra beri að rökstyðja synjun um greiðslu. Er sérstök heimild í frumvarpinu um veitingu gjafsóknarleyfis til kröfuhafa ef hann vill ekki una við úrlausn ráðherra og kýs að höfða almennt einkamál á hendur ríkissjóði til innheimtu kröfu sinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins þykir ekki þarfnast skýringa. Í síðari málsgrein eru þau nýmæli að skýrt er kveðið á um fyrirsvar fyrir kröfu, sem ríkissjóður hefur leyst til sín við skiptameðferð á búi vinnuveitandans.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. um refsingu eru ítarlegri en ákvæði 10. gr. nógildandi laga varðandi það efni en þykja ekki þarfnast skýringa.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.